

## LÖG

### um breytingu á lögum nr. 125/1999, um málefni aldraðra, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 10. gr. laganna:

- a. Í stað fjárhæðarinnar „7.103“ í 2. másl. 1. mgr. kemur: 7.534.
- b. Í stað orðanna „1.080.067 kr. á tekjuárinu 2007“ í 2. másl. 2. mgr. kemur: 1.143.362 kr. á því ári sem næst er á undan álagningarárinu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu opinberra gjalda á árinu 2009 vegna tekna ársins 2008.

*Gjört á Bessastöðum, 3. apríl 2009.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**  
(L. S.)

*Ásta R. Jóhannesdóttir.*

---

A-deild – Útgáfud.: 7. apríl 2009